

Nd.

198. Frumvarp til laga

[99. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1949 og 1950, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessa öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur h/f Eimskipafélag Íslands með vissum skilyrðum undanfarið notið undanþágu frá greiðslu tekju- og eignarskatts og frá greiðslu hærra útsvars en 5% af nettó ágóða, þar sem það hefur aðalaðsetur sitt.

Undanfarið hefur félagið bætt hag sinn, en þrátt fyrir það virðist ekki ástæða til að fella niður hlunnindi þau, er félagið hefur notið. Rétt þykir þó, að ákveðið sé í lögnum, að tekjuafgangi sé varið eingöngu til samgöngubóta.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 76 5. júní 1947 viðvikjandi árunum 1947 og 1948.